



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	12.fundur stjórnar KLÍ 2015-2016 (endurboðaður)
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	14.apríl 2016
Pátttakendur:	Bórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) ÍR Formaður Bjarni Páll Jakobsson (BPJ) ÍR Varaformaður Svanhildur Ólafsdóttir(SÓ) KFR Ritari Valgeir Guðbjartsson (VG) KFR Meðstjórnandi Björn Kristinsson (BK) KR Varamaður Jóhannes R Ólafsson (JÓ) KR Varamaður
Boðuð forföll:	Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir (SUV) KFR Gjaldkeri
Fundarritari:	SÓ

Dagskrá fundar

1. Staðfesting fundagerðar síðasta fundar
2. Uppgjör EYC 2016
3. Lokahóf KLÍ
4. Samantekt og afhending verðlauna í lok tímabils
5. Önnur mál

Fundargerð

Staðfesting fundagerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar staðfest

Uppgjör EYC 2016

Toppeinkunn frá tæknistjóra Evrópusambandsins fyrir framkvæmd mótsins. Sjónvarpskostnaður og kostnaður við gerð mótsblaðsins verður fært á útbreiðslustyrk. Kostnaður vegna mótsins endar líklega í um 100.000.

Lokahóf KLÍ

16 miðar staðfestir frá stjórn og nefndum. Senda þarf ítrekun á Jóa og Simma og senda þjálfurum boð á árshátíðina. ÞMP sér um það.

Samantekt og afhending verðlauna í lok tímabils

Verðlaunamál í vinnslu, búið að panta verðlaunagrip. Þann 22. apríl á allt að vera tilbúið og SUV fengin til að fara yfir gripina.

Önnur mál

Landsliðsþjálfari karla gefur verkefnið frá sér vegna persónulegra aðstæðna.

Landsliðsnefnd verður að koma saman og finna lausn strax.

Boðaður verður formannafundur 28.apríl þar sem hægt verður að yfirfara allar reglugerðabreytingar. Breytingar verða að berast fyrir 24.apríl og verða sendar út 25.apríl.

A salur er bókaður 28.apríl kl 17-20 þar sem formannafundurinn verður.

6.-7. maí þarf að senda út allar tillögur til þings. Hinar verða prentaðar út og liggja frammi á þingfundinum.

Formaður og gjaldkeri fara yfir fjárhagsáætlun fyrir 2015 -2016.

Fyrirspurn kom frá SUV um fyrirkomulag undanúrslita og úrslita í Íslandsmóti unglingsaliða.

Tveir riðlar eru og ákveðið að keppt verði á milli riðla. Fyrsta sætið í 1.riðli keppir við annað sætið í 2.riðli og fyrsta sætið í 2. riðli keppir við annað sæti í 1. riðli. Þau lið sem vinna tvo leiki keppa til úrslita hin liðin eru saman í þriðja og fjórða sæti.

Í úrslitum þarf að vinna tvo leiki og verður það lið Íslandsmeistari unglingsalið

Næsti fundur fyrirhugaður miðvikudaginn 27.apríl 2016 kl 18:00 á sama stað.

Fundi slitið kl. 19:00